



AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Jan 2009

1. tbl. 16. árg.

Meðal efnis:

Veiðileyfin

- Nú er um að gera að sækja um

Aðalfundurinn

- Muna að mæta

Uppskriftin

- Jú hún er á sínum stað

Veiðigæði

- Fjöllum áfram um þau mál

Takið Eintak



- Að ofan, í Hlíðarvatni: “Hann var ábyggilega svona stór “!! “en hvert fór hann”?

- Til vinstri: Ís, rjómi og vöffflur á síðasta aðalfundi - verður vart betra.

Munið aðalfund SVH 14. febrúar Upplýsingar á bls: 4



INTERSPORT

Húsgagnahöllinni sími. 585 7239
Lindum Skógarlind 2 sími. 585 7260

VEIÐIDEILD



Uppskriftin

Silungur eldaður í pappír

Hráefni:

400 gr silungsflök
(fer eftir fjölda í mat)
½ blaðlaukur
2 gulrætur
1 paprika
1 rauðlaukur
2 tómatar
salt
pipar

Aðferð:

Tvær til 3 arkir af smjörpappír eru penslaðar með olíu. Silungsflökin skorin í hæfilega bita (6-8 cm). Hvort flökin séu roðflett fer eftir smekk. Grænmetið er skorið í sneiðar / smáa bita. Silungurinn er settur á smjörpappírinn og kryddaður með salti og pipar. Grænmetið er sett ofaná "kjötmegin". Brúnir smjörpappírsins eru svo brotnar yfir silunginn og grænmetið og lokað þétt.

Pakkarnir eru settir á heita pönnu og látnir sjóða í eigin safa í 4-5 mínútur. Pökkunum er svo skipt á diska.

Gott er hafa einhverja kalda sósu með þessu, t.d. sýrðan rjóma með lauk og graslauk / hvítlauk.

Svo er hægt að nota ýmsar útgáfur af grænmeti í pakkana, ekki bara þær sem eru í listanum. Kryddjurtir eins og basil, blóðberg og fleiri slíkar má einnig setja með til bragðauka.

Allt hráefnið fæst í Fjarðakaupum



FJARÐARKAUP

Verslun Veiðimannsins

Formaðurinn

Gleðilegt árið !

Sjaldan hefur ríkt eins mikil óvissa á veiðileyfamarkaðnum og nú í ársbyrjun. Veiðileyfasalar hafa setið sveittir að samningaborði við veiðirettareigendur, frá í haust, um að frysta vísitölubindingu leigunnar svo unnt sé að bjóða veiðileyfin á viðráðanlegu verði og keppast nú við að sannfæra veiðimenn og væntanlega kaupendur að þetta verði nú ekki svo slæmt! Þrátt fyrir að verð standi nokkurnveginn í stað á mörgum veiðisvæðum eru gríðarlegar hækkanir engu að síður á öðrum og ljóst að margir veiðimenn hugsa sig þrisvar um áður en þeir láta bjóða sér það.

Við í SVH erum ekkert undanskildir þessu vandamáli þó í litlum mæli sé og veiðisvæðin illu heilli ekki mörg, þannig er hækkun á Hlíðarvatnsveiðileyfum óumflýjanleg, en okkur til happs eru þetta sem betur fer litlar upphæðir og ættu ekki að meiða neinn. Nú er bara að vera duglegir að stunda vatnið í sumar og ná upp þessum aflatölum sem hafa verið skuggalega lágar undanfarin ár, til þess að það geti orðið þarf líka að skrá aflann, en því miður eru of mikil brögð að því að menn láti það undir höfuð leggjast. Koma svo!!!

Nýjasta tíska er víst að veiða lax á veturna, ef marka má fréttir. Stutt er síðan birtust myndir af veiðimönnum í Rangánum um jólin. Það er reyndar með ólíkindum að nokkur maður skuli vera svona vitlaus, í fyrsta lagi að stelast í ána, öðrulagi að þverbrjóta lax-og silungsveiðilögin um veiðitíma sem flestum þenkjandi veiðimönnum er vel kunnur og síðast en ekki síst kóróna vitleysuna með því að rjúka með þetta í fjölmiðla!! Einn mesti sjarminn við stangaveiðisportið er að mínu mati sá að það er ekki hægt að stunda veiðar allan ársins hring og menn því orðnir verulega óþreyjufullir þegar veiðitíminn hefst, búnir nota veturinn til að yfirfara græjurnar, hnýta flugurnar panta veiðileyfin og allt það, síðan er gotta að nota haustin til hvíldar og fara yfir veiðisumarið í huganum. Reyndar fannst mér ennþá aumkvunarverðara að lesa um „göfuga laxveiðimenn“ (og konur) sem fóru að veiða utan hefðbundins veiðitíma undir því yfirskyni að það væri til góðgerðarmála, þvílík og önnur eins hrænsni hefur nú ekki sést lengi í þessu sporti og hafa menn þó gert ýmislegt skrautlegt!

En lítum okkur nær, nú er vetrarstarfið hafið og vonandi að menn og konur (ég á erfitt með að venjast tilhugsuninni um að konur séu líka „menn“ og verður hugsað til gamallar vísu sem ég veit ekki hver er höfundurinn að;

Orðið kona er komið á bann,

kannsk' að því lítill missir.

En eiginmaður því eiginmann,

uppí rúmi kyssir.)

verði dugleg að mæta á viðburði og hnýtingarkvöldin og taka þátt í fluguhnýtingarkeppninni og auðvitað að kaupa veiðileyfi..... Því um þetta snýst jú félagsstarfið okkar að stóru leyti.

Með þessu blaði fylgir umsóknarblað um veiðileyfi og vert er að vekja þar athygli á einni nýjung, sem af illri nauðsyn hefur verið tekin upp. Ekki er lengur heimilt að skila stökum stöngum úr hollum, geti menn ekki nýtt sér það sem þeir sækja um og fá, verða þeir sjálfir að sjá um að losna við stöngina sína. Það hafa nefnilega verið brögð að því undanfarin ár að menn hafa sótt um t.d. í Hlíðarvatni, 5 saman og fengið úthlutað, en síðan skilað einni og jafnvel 2 stöngum og þannig í raun eyðilagð hollið sem jafnvel öðrum 5 var neitað um. Þetta er auðvitað ópolandi framkoma og við líðum hana ekki, því hefur þessi regla verið sett á og ég veit að flestir munu hafa á því fullan skilning.

Við sjáumst á opnum húsum, kv. Hansi

Aðalfundur SVH 2009

Aðalfundur Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar verður haldinn laugardaginn 14. febrúar 2009, kl. 14:00 í samkomusal félagsins að Flatahrauni 29.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf og bikarafhending.

Engar tillögur um lagabreytingar liggja fyrir fundinum.

Framboð til stjórnar og varastjórnar eru:

Til formanns, Hans Unnþór Ólason.

Til stjórnar og varastjórnar, Hallberg Svavarsson, Árni Reykdal, Magnús Ágústsson, Högni Berþórsson, Vilborg Reynisdóttir og Ævar Ágústsson.

Félagar eru hvattir til að mæta.

Kaffi og vöffur að loknum aðalfundarstörfum

Kastnámskeið á vegum: SVH, SVFR og Kastklúbbs Íslands

Öll námskeiðin eru fjórir sunnudagar frá kl: 20:00 til 22:00 og fara fram í TBR húsinu, Gnoðarvogi 1, 104 Reykjavík.

Allur útbúnaður er á staðnum, þó er þeim sem koma bent á að taka með sér góða inniskó, helst íþróttaskó.

Verðið er kr: 10.000, en 9.000 fyrir félagsmenn í ofangreindum félögum. **ATH, EKKI ERU TEKIN KORT!**

Næstu námskeið framundan eru:

- 8. feb, 15. feb, 22. feb og 1. mars

- 8., 15., 22. og 29. mars

- 5. apr, 19. apr, 26. apr og 3. maí

Útikastæfingarnar eru svo 4. 5. og 6. maí.

Nánari upplýsingar veitir Svavar í síma: 896 7085

Vetrarstarf SVH

Dagskrá vetrarstarfs Unglingadeildar SVH 2009

| | |
|----------|--|
| 20. jan | Hnýtingar, spjall og fræðsla. |
| 3. feb | Hnýtingar, spjall og fræðsla. |
| 17. feb | Hnýtingar, spjall og fræðsla. |
| 3. mar* | Hnýtingar, spjall og fræðsla. |
| 17. mar* | Hnýtingar, spjall og fræðsla. |
| 31. mar* | Hnýtingar, spjall og fræðsla. |
| 14. apr | Förum yfir búnaðinn o.fl. fyrir sumarið. |
| 25. apr | Hlíðarvatn, hreinsun og veiði |
| 4. sep | (Ath. Þessi dagsetning gæti breyst eitthvað) Djúpavatn, veiði |



* Eitthvert kvöldið í mars er svo planað að hnýta með húskörlunum og því gæti einhver tíminn þá færst á fimmtudag sömu viku.

Unglingarnir í uSVH eru einnig velkomnir á kynningar (29. jan, 12. feb, 26. feb) hjá SVH á fimmtudögum, sjá nánar á www.svh.is undir Vetrarstarf.

FLUGUHNÝTINGAR

Vignir B. Árnason

Miðvikudagar kl. 19.30 - 21.30

11. feb. - 11. mars 5 skipti

Kennsla fer fram í félagsheimili Stangveiðifélags Hafnarfjarðar við Flatahraun.

Allt efni innifalið og tæki til afnota.

Verð 11.000 kr.



FLUGUKASTNÁMSKEIÐ

Vignir B. Árnason og Kristján Knútsson

Námskeiðið hefst sunnudaginn 8. febrúar.

Kennt er fjóra sunnudagsmorgna kl. 9.30-11.00

í íþróttahúsi Kaplakrika.

Auk þess er útikastæfing sem verður tímasett síðar.

Verð 10.900 kr.



Nánari upplýsingar og innritun í síma 585-5860 eða nhms@hafnarfjordur.is

Ritstjórinn

AGNÍÐ

Útg.: Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar.
Flatahrauni 29, 200 Hafnarfjörður.

Sími: 5654020

Netfang stjórnar: stjorn@svh.is
Netfang ritstjórnar: webmaster@svh.is

Veffang: www.svh.is

Ábyrgðaraðili: Hans Unnþór Ólason

Ritstjórinn: Ævar Ágústsson

Sími: 6699240



Það eru ekki bara veiðileyfamálþarsemóvissa ríkir í dag. Stjórn málin eru vægast sagt í lausu lofti líka. Núna þegar ég sit og skrifa þennan pistil, var viðskiptaráðherra að segja af sér. Ég tek

það fram að ég ætla ekki að vera með **“pólítískan áróður”** hér (þó orðið áróður eigi einstakleg vel við hér, ef því er skipt upp “ár óður” fellur það vel að okkar sporti). En verðum við betur sett með nýja stjórnendur í brúnni?, ég tel svo ekki vera. Staðan er slæm og íslenska þjóðin situr uppi með “skell” sem þarf að greiða. Hinn heiðarlegi íslenski skattgreiðandi sér um það. Með hvaða lit það verður fegrað í komandi kosningabaráttu skiptir í raun ekki máli. “Gulur, Rauður, Grænn, Blár og Hvítur” eða blanda af þessum litum hafa því miður ekkert í þessa stöðu að gera, þekkingu til að takast á við mál af þessari stærðargráðu skortir, **hagfræðipekkinguna vantar**.

Þá verður gott að fara í veiði, burt frá skarkala stjórn- og efnahagsmála. Ímyndið ykkur þá ró sem hægt er að finna í því að setjast við vatns- (eða ár-) bakkann, fylgjast með náttúrunni, taka upp fluguboxið, finna “hina einu réttu flugu” og hnýta hana á tauminn. En verður kostnaðurinn við slíka ferð orðinn það mikill að “staðalveiðimaðurinn” hrökkvi undan? Mér sýnist ekki á þeim leyfum sem við erum með í boði. **Íslensk náttúra** og allt það sem hún hefur upp á að bjóða verður vonandi í hávegum höfð hjá sem flestum í sumar. Ég hef verið og verð áfram einn af þeim sem þangað sækir, vona að sem flestir fylgi í kjölfarið.

*Kveðja;
Ævar*

Fróðleikur um Veiðimál

Frá málþingi um veiðigæði á Íslandi; eins og menn muna birtum við í síðasta Agni hugleiðingar Bjarna Júlíussonar og nú er komið að úrdrætti úr næstu framsögu

1. **Er stangaveiði náttúruupplifun eða fíkn á uppsprengdu verði?** Bjarni Júlíusson fyrrverandi form SVFR frá sjónarhóli veiðimannsins.
2. **Mikilvægi veiðihlunninda og verðlagning þeirra. Verðmæti til framtíðar eða tímabundinn fengur?** Óðinn Sigbórsson formaður Landsambands veiðifélaga
3. **Lagalegt umhverfi veiðimála hér á landi, þáttur í eflingu veiðihlunninda.** Árni Ísaksson forstöðumaður Lax-og silungsveiðisviðs Fiskistofu
4. **Líffræðilegar forsendur veiðinýtingar og veiðistjórnunar. Liggur framtíðin í fluguveiði til að veiða og sleppa eða hafbeitarveiði knúna af seiðasleppingum.** Sigurður Már Einarsson deildarstjóri Veiðimálastofnunar
5. **Þekking á vistfræði laxfiska hér á landi og færni við ýtingu þeirra. Hvað höfum við lært og hvað skortir á?** Sigurður Guðjónsson forstjóri Veiðimálastofnunar

Við munum birta eina framsögu í hverju Agni vetrarins

Önnur framsaga; **Mikilvægi veiðihlunninda og verðlagning þeirra. Verðmæti til framtíðar eða tímabundinn fengur,** Óðinn Sigbórsson formaður Landssambands veiðifélaga; Í máli Óðins kom m.a.eftirfarandi fram: Það er alveg á hreinu að veiðiréttareigendur almennt horfa til langs tíma, en hafa ber í huga að LV er einungis sameiginlegur talsmaður og hagsmunasamtök, án húsbónda- eða agavalds og vinnur sem slíkt skv. gildandi lögum. Þróun undangenginna ára hefur verið sú að veiðiréttareigendur eru hættir að selja veiðileyfin sjálfir heldur er það gert í gegnum þriðja aðila / millilið og hefur útboðsaðferðin verið ríkjandi við val þeirra en LV hefur einmitt, (m.a. að áeggjan LS *innsk. Hó*) gert leiðbeinandi reglur þar um, en auðvitað eru sumstaðar þannig aðstæður, eða ríkjandi gagnkvæm góð hefð að samið er einfallega beint við viðkomandi millilið. Þróunin hefur ennfremur verið sú að leigutökum fækkar og þeir orðið stærri og sterkari sem aftur á móti hefur þær afleiðingar að gangi einhverjum þeirra illa getur það haft víðtækar afleiðingar á mörgum veiðisvæðum. Þannig hefur aukin eftirspurn leitt til hærra verðs sem greitt er fyrir veiðisvæðin og þar með útilokað minni og veikari leigutaka. Þetta hefur í sumum tilfellum orðið til þess að gamalgróin viðskipta sambönd byggð á persónum eða félagsskap hafa glatast. Ekki er gerlegt að greina ástandið, eða ráða í komandi framtíð eins og staðan í Þjóðfélaginu er í dag, þó er ljóst að samdráttur í ranni stórkaupenda byrjaði á þessu ári (2008).

Fróðleikur um Veiðimál - framh

Árið er 50 ára afmælisár Landssambands veiðifélaga og liðið sumar algert metsumar í veiði, og meira að segja fleiri stórlaxar en oft áður, ástand laxastofna almennt gott og flest veiðisvæði að mestu sjálfbær, og fengurinn „góð vara“. Það liggur í loftinu að margir stórir samningar hljóta að vera í uppnámi vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu og innlendir markaður þar með líka. En kannski mun gengisþróun vinna með veiðileyfasölum þarsem veiðiferðum erlendis mun líklega fækka mjög.

Samkeppnislög gera LV erfitt um vik að beita sér, en sambandið mun sannarlega beita sér fyrir því að ekki verði gert meira úr ástandinu en efni standa til. Hafa þer í huga, þegar laxveiðiferðir fyrirtækja og opinberra aðila eru gagnrýndar, að margir góðir samningar fyrir atvinnulífið og þjóðarbúskapinn hafa einmitt verið gerðir á bökkum fallegra ára !!

Samantekt: Hans Ólason



**Draumur
veiðimannsins!**

Veiðikortið 2009 veitir
aðgang að 31 vatnasvæði
vítt og breitt um landið
fyrir aðeins 6000 kr.
Þú ákveður svo hvar
og hvenær þú veiðir!
Nánari upplýsingar á
www.veidikortid.is

Handbók með ítarlegum upplýsingum, kortum o.fl. fylgir.
Fæst hjá N1, í veiðivöruslunum og á www.veidikortid.is

Vetrardagskrá SVH 2009

| | |
|---------|---|
| 29. jan | Kynning; Einar Sigurðsson sýnir "heklaðar" flugur og verður með léttu kennslu. |
| 05. feb | Hnýtingarkvöld |
| 12. feb | Kynning; Nánar auglýst síðar |
| 19. jan | Hnýtingarkvöld |
| 26. feb | Kynning; Nánar auglýst síðar |
| 05. mar | Hnýtingarkvöld |
| 12. mar | Kynning; Nánar auglýst síðar |
| 19. mar | Hnýtingarkvöld |
| 26. mar | Kynning; Nánar auglýst síðar |
| 02. apr | Hnýtingarkvöld |
| 16. apr | Hnýtingarkvöld |
| 22. apr | LOKAHÓF, KVÖLDIÐ FYRIR SUMARDAGINN FYRSTA |

*Kveðja
Húskarlar*

Djúpavatnsunnendur !

Stjórn óskar eftir aðilum til að taka að sér umsjón með Djúpavatni. Tilvalið tækifæri fyrir fjölmarga unnendur vatnsins.

Starfið felur í sér að opna húsið að vori, hafa umsjón með gasi og öðru sem til fellur og loka svo aftur að hausti.

Smá hlunnindi í boði og hófleg vinna, hentar vel fyrir samhenta fjölskyldu.

Áhugasamir hafi samband við Hans í s. **898-2608** fyrir n.k. aðalfund.



UMSÓKN VEIÐILEYFA

Hér með fylgir umsóknareyðublað fyrir veiðileyfi á vatnasvæðum félagsins sumarið 2009. Athugið að tilgreina skal nákvæmlega þann dag/daga, sem óskað er eftir, en í athugasemdum má taka fram, hvaða annar dagur eða tímabil komi til greina. Við úthlutun er tekið tillit til, hversu margir félagar sameinast í umsókn um ákveðinn dag. Af gefnu tilefni er bent á, að erfiðlega getur reynst að uppfylla óskir þeirra félaga, sem sækja einir um fleiri en eina stöng í Hlíðarvatni á eftirsóttum tíma. Annað sem verður að benda er að ekki er lengur heimilt að skila stökum stöngum úr heilum hollum. Geti menn ekki nýtt sér það sem þeir sækja um og fá, verða þeir sjálfir að sjá um að losna við stöngina sína.

Vinsamlegast skráið heima- og vinnusíma á umsóknina ásamt tölvupóstfangi!

***Skilafrestur er til laugardags
14. febrúar 2009 fyrir kl: 18:00***

ATH - ATH - ATH

Ekki verður tekið við umsóknum eftir þann tíma.

ATHUGIÐ! Þeir félagar, sem eru skuldlausir við félagið, ganga fyrir við úthlutun veiðileyfa, og þeir sem sækja um og kaupa leyfi hjá félaginu eiga einnig kost á að kaupa sumarkort í Kleifarvatn á kr. 2.000

Auk þessa verður veiðikortið 2009 til sölu við úthlutun hjá okkur á kr. 5.500

Hlíðarvatn

HLÍÐARVATN í Selvogi, bleikjuveiði

Þetta frábæra veiðivatn í einungis 45 mínútna fjarlægð frá Hafnarfirði og hefur um árabil verið eitt virtasta og gjöfulasta veiðivatn landsins, leyfilegt agn: **Fluga og spúnn.**

Félagið hefur til umráða fimm stangir á dag og er veiðitíminn frá 1. maí til 30. september. Verð á stöng er mismunandi eftir tímabilum. Í maí, júní og júlí er verðið kr. 3.500 á virkum dögum og kr. 4.000 um helgar. Í ágúst og september er verðið kr. 2.500 á virkum dögum og kr. 3.000 um helgar. Afnot af mjög góðu húsi eru innifalin og **má koma í hús og hefja veiði kl. 18:00 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18:00 á skráðum veiðidegi.**

Síðustu helgina í apríl ár hvert er farið austur að Hlíðarvatni til hreinsunar á fjörum og landi. Félagsmenn eru hvattir til að mæta í þá ferð.



- Svona á þetta bara að vera

Djúpavatn

DJÚPAVATN á Reykanesi, bleikja og urriði

Sannkölluð fjölskylduparadís við túnfótinn, ½ tíma akstur frá Hafnarfirði, veiðihús með 8 – 10 svefnplássum, gott útigryll og fallegt umhverfi. Ekki er takmarkaður stangarfjöldi og heimilt að veiða af bát. **Athugið að helgar eru seldar föstud. - laugard. saman og sunnud. - mánud. saman.**

Verð fyrir húsið og allt vatnið er kr. 8.000 á dag á virkum dögum og kr. 10.000 á dag um helgar. Gilda sömu reglur um komu í hús og fyrir Hlíðarvatn, þ.e. **koma má í hús og hefja veiði kl. 18 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18 á skráðum veiðidegi.**

Veiðitímabil er frá 1. júní til 15. september. Á hverju sumri er sleppt talsverðu af vænum fiski í vatnið, svo verður einnig núna.



- Við Djúpavatn í blíðskapar veðri.

Kleifarvatn

KLEIFARVATN, bleikja og urriði

Seld verða sumarkort og veiðileyfi einstaka daga eins og áður. Verð sumarkorta, sem seld eru á skrifstofunni, er kr. 2.000 en kr. 3.000 til utanfélagsmanna og kr. 1.000 fyrir 67 ára og eldri. Sumarkort seld annarsstaðar kosta kr 3.000.

Eldvatn í Meðallandi

Á svæðinu er nýtt 8 herbergja hús, veitt er frá Eldvatsnbotnum (þeir eru ekki með) og niður í ós, hægt að komast að ósnum með því að aka niður með Steinsmýrarvötnum. Spannandi og krefjandi veiðisvæði þar sem neðsti hlutinn hefur verið lítið veiddur undanfarin ár, en þar er m.a. góð bleykjuvon. Eingöngu veitt á flugu og skal sleppa öllum sjóbirtingi, en allt annað má hirða (urriða, bleikju og lax) Ath! Allar stangir seldar saman!
„Birt með fyrirvara um prentvillur, ath! ekki er öruggt að allir dagar verði lausir þegar að úthlutun kemur og verður þá haft samband við viðkomandi og aðrir daga boðnir“.

Apríl allt heilir dagar

| Dags. | Dagafjöldi | Stangarfjöldi | Verð pr. stöng á dag |
|--------------|------------|---------------|----------------------|
| 1 og 2 | 2 dagar | 6 stangir | 6.000,- kr. |
| 6 og 7 | 2 dagar | 6 stangir | 6.000.- kr. |
| 8 og 9 | 2 dagar | 6 stangir | 7.000.- kr. |
| 13 og 14 | 3 dagar | 6 stangir | 6.000.- kr. |
| 15 og 16 | 2 dagar | 6 stangir | 6.000.- kr. |
| 17, 18 og 19 | 3 dagar | 6 stangir | 8.000.- kr. |
| 20 og 21 | 2 dagar | 6 stangir | 6.000.- kr. |
| 22 og 23 | 2 dagar | 6 stangir | 6.000.- kr. |
| 24, 25 og 26 | 3 dagar | 6 stangir | 8.400.- kr. |
| 27 og 28 | 2 dagar | 6 stangir | 9.200.- kr. |
| 29 og 30 | 2 dagar | 6 stangir | 6.700.- kr. |

Mái allt heilir dagar

| Dags. | Dagafjöldi | Stangarfjöldi | Verð pr. stöng á dag |
|-------------|------------|---------------|----------------------|
| 1, 2 og 3 | 3 dagar | 6 stangir | 8.900.- kr. |
| 4 og 5 | 2 dagar | 6 stangir | 7.300.- kr. |
| 6 og 7 | 2 dagar | 6 stangir | 7.300.- kr. |
| 8, 9 og 10 | 3 dagar | 6 stangir | 8.900.- kr. |
| 11 og 12 | 2 dagar | 6 stangir | 6.800.- kr. |
| 13 og 14 | 2 dagar | 6 stangir | 6.800.- kr. |
| 15,16 og 17 | 3 dagar | 6 stangir | 8.400.- kr. |
| 18 og 19 | 2 dagar | 6 stangir | 6.500.- kr. |
| 20 og 21 | 2 dagar | 6 stangir | 6.500.- kr. |
| 22,23 og 24 | 3 dagar | 6 stangir | 8.000.- kr. |
| 25 og 26 | 2 dagar | 6 stangir | 6.500.- kr. |
| 27 og 28 | 2 dagar | 6 stangir | 6.500.- kr. |
| 29,30 og 31 | 3 dagar | 6 stangir | 8.000.- kr. |

Eldvatn í Meðallandi - framh

Júní til 8., allt heilir dagar

| Dags. | Dagafjöldi | Stangarfjöldi | Verð pr. stöng á dag |
|----------|------------|---------------|----------------------|
| 1 og 2 | 2 dagar | 6 stangir | 6.500.- kr. |
| 3 og 4 | 2 dagar | 6 stangir | 6.500.- kr. |
| 5,6 og 7 | 3 dagar | 6 stangir | 8.000.- kr. |

Júní frá 8., júlí og til 12. ágúst

Frá og með 8. júní er selt í 6 daga hollum 8 stangir og má þá veiða á spún og flugu. Þetta er selt í 6 daga hollum og er ætlað fyrir fjölskyldur, félagahópa og fyrirtæki stöngin kostar 5000.- kr. á dag og eru allar stangir seldar saman og fylgir hús með 8 herbergjum.

Síðasti dagur í miðsumrinu er 12 ágúst.

Ágúst allt heilir dagar

| Dags. | Dagafjöldi | Stangarfjöldi | Verð pr. stöng á dag |
|----------------|--|---------------|----------------------|
| 14,15 og 16 | 3 dagar | 6 stangir | 11.500.- kr. |
| 17,18 og 19 | 3 dagar | 6 stangir | 11.000.- kr. |
| ½-20. frítt | ath ½ dagur, morgunvakt 6 stangir Ókeypis !!! | | |
| ½-23, 24 og 25 | 2,5 dagar | 6 stangir | 11.400.- kr. |
| 26 og 27 | 2 dagar | 6 stangir | 12.000.- kr. |

September allt heilir dagar

| Dags. | Dagafjöldi | Stangarfjöldi | Verð pr. stöng á dag |
|---------------|--|---------------|----------------------|
| 31 og 1 sept. | 2 dagar | 6 stangir | 12.400.- kr. |
| 2 og 3 | 2 dagar | 6 stangir | 12.400.- kr. |
| 7, 8 og 9 | 3 dagar | 6 stangir | 13.000.- kr. |
| ½-10. frítt | ath ½ dagur, morgunvakt 6 stangir Ókeypis !!! | | |
| ½-13,14 og 15 | 2,5 dagar | 6 stangir | 13.400.- kr. |
| 16 og 17 | 2 dagar | 6 stangir | 13.400.- kr. |
| 18,19 og 20 | 3 dagar | 6 stangir | 14.200.- kr. |
| 21,22 og 23 | 3 dagar | 6 stangir | 13.400.- kr. |
| ½-24. frítt | ath ½ dagur, morgunvakt 6 stangir Ókeypis !!! | | |
| ½-27,28 og 29 | 2,5 dagar | 6 stangir | 13.400.- kr. |
| 30 og 1 okt. | 2 dagar | 6 stangir | 13.400.- kr. |

Október allt heilir dagar

| Dags. | Dagafjöldi | Stangarfjöldi | Verð pr. stöng á dag |
|------------|------------|---------------|----------------------|
| 2,3 og 4 | 3 dagar | 6 stangir | 13.000.- kr. |
| 5 og 6 | 2 dagar | 6 stangir | 13.000.- kr. |
| 7 og 8 | 2 dagar | 6 stangir | 13.000.- kr. |
| 9,10 og 11 | 3 dagar | 6 stangir | 14.000.- kr. |
| 12 og 13 | 2 dagar | 6 stangir | 13.000.- kr. |
| 14 og 15 | 2 dagar | 6 stangir | 13.000.- kr. |

Reykjadalsá í Þingeyjarsýslum

Seldar eru 6 stangir saman, veiðihúsið fylgir og eru þar 4 tveggja manna herbergi með uppabúnum rúmum einnig er wc og sturta á hverju þeirra, þá er einnig svefnloft þar eru 4 dýnur en þær eru ekki umbúnar.

Eingöngu er veitt á flugu í ánni en má nota spúna og maðk í Vestmannsvatni það má hirða allan silung en sleppa skal öllum laxi. Ath! Allar stangir seldar saman! **„Birt með fyrirvara um prentvillur, ath! ekki er öruggt að allir dagar verði lausir þegar að úthlutun kemur og verður þá haft samband við viðkomandi og aðrir daga boðnir“**

Maí

| Dags. | Dagafjöldi | Stangarfjöldi | Verð pr. stöng á dag |
|---------|------------|---------------|----------------------|
| 14 - 17 | 3 dagar | 6 stangir | 8.000,- kr. |
| 20 - 23 | 3 dagar | 6 stangir | 8.000.- kr. |
| 23 - 26 | 3 dagar | 6 stangir | 8.000.- kr. |
| 26 - 29 | 3 dagar | 6 stangir | 8.000.- kr. |

Júní

| Dags. | Dagafjöldi | Stangarfjöldi | Verð pr. stöng á dag |
|-------------|------------|---------------|----------------------|
| 1 - 4 | 3 dagar | 6 stangir | 8.000.- kr. |
| 4 - 7 | 3 dagar | 6 stangir | 8.500.- kr. |
| 7 - 10 | 3 dagar | 6 stangir | 9.200.- kr. |
| 13 - 16 | 3 dagar | 6 stangir | 12.000.- kr. |
| 16 - 19 | 3 dagar | 6 stangir | 13.000.- kr. |
| 22 - 25 | 3 dagar | 6 stangir | 15.000.- kr. |
| 25 - 28 | 3 dagar | 6 stangir | 15.000.- kr. |
| 28 - 1 júlí | 3 dagar | 6 stangir | 15.500.- kr. |

Júlí

| Dags. | Dagafjöldi | Stangarfjöldi | Verð pr. stöng á dag |
|---------|------------|---------------|----------------------|
| 1 - 4 | 3 dagar | 6 stangir | 16.000,- kr. |
| 4 - 7 | 3 dagar | 6 stangir | 16.000.- kr. |
| 7 - 10 | 3 dagar | 6 stangir | 16.000.- kr. |
| 13 - 16 | 3 dagar | 6 stangir | 16.000.- kr. |
| 16 - 19 | 3 dagar | 6 stangir | 16.000.- kr. |

Reykjadalsá í Þingeyjarsýslum - framh

Ágúst

| Dags. | Dagafjöldi | Stangarfjöldi | Verð pr. stöng á dag |
|---------|------------|---------------|----------------------|
| 3 - 6 | 3 dagar | 6 stangir | 16.500.- kr. |
| 6 - 9 | 3 dagar | 6 stangir | 16.500.- kr. |
| 15 - 18 | 3 dagar | 6 stangir | 16.500.- kr. |
| 18 - 21 | 3 dagar | 6 stangir | 16.500.- kr. |
| 24 - 27 | 3 dagar | 6 stangir | 17.000.- kr. |
| 27 - 30 | 3 dagar | 6 stangir | 17.000.- kr. |

September

| Dags. | Dagafjöldi | Stangarfjöldi | Verð pr. stöng á dag |
|--------|------------|---------------|----------------------|
| 2 - 5 | 3 dagar | 6 stangir | 16.000.- kr. |
| 5 - 8 | 3 dagar | 6 stangir | 16.000.- kr. |
| 8 - 11 | 3 dagar | 6 stangir | 15.000.- kr. |

Vatnsdalsá í Húnavatnssýslu

Sjóbirtingsveiði í Vatnsdalsá, gist í Steinkoti. Seldar eru 6 stangir verð pr. stöng á dag 13.000.- Svæði frá Hornfljóti niður í ós undanskilið Skriðuvað og Hnausastrengur eingöngu fluga og öllum laxi sleppt ef hann veiðist. Ath! Allar stangir seldar saman! **„Birt með fyrirvara um prentvillur, ath! ekki er öruggt að allir dagar verði lausir þegar að úthlutun kemur og verður þá haft samband við viðkomandi og aðrir daga boðnir“**

Október

| Dags. | Dagafjöldi | Stangarfjöldi | Verð pr. stöng á dag |
|------------|------------|---------------|----------------------|
| 1 - 2 | 2 ½ dagur | 6 stangir | 13.000,- kr. |
| 7 - 8 | 2 dagar | 6 stangir | 13.000,- kr. |
| 9, 10 - 11 | 3 dagar | 6 stangir | 13.000,- kr. |
| 12 - 13 | 2 dagar | 6 stangir | 13.000,- kr. |
| 14 - 15 | 2 dagar | 6 stangir | 13.000,- kr. |

Laxá í Leirársveit

Veiðileyfi í Laxá í Leirársveit, frídagar feitletraðir; skyldufæði og gisting kr. 12.900,- á dag. **„Birt með fyrirvara um prentvillur, ath! ekki er öruggt að allir dagar verði lausir þegar að úthlutun kemur og verður þá haft samband við viðkomandi og aðrir daga boðnir“**

| Dagar | Stangir | Verð á stöng á dag |
|-------------------|---------|--------------------|
| 5 / 6 júlí | 3 | 54.000 |
| 6 / 7 júlí | 4 | 54.000 |
| 7 / 8 september | 7 | 48.000 |
| 8 / 9 september | 7 | 48.000 |

Fáskrúð í Döllum

Veiðileyfi í Fáskrúð í Döllum, frídagar feitletraðir, seldar eru 2 stangir á dag. **„Birt með fyrirvara um prentvillur, ath! ekki er öruggt að allir dagar verði lausir þegar að úthlutun kemur og verður þá haft samband við viðkomandi og aðrir daga boðnir“**

| Dagar | Stangir | Verð á stöng á dag |
|-----------------------------|---------|--------------------|
| 16 / 17 / 18 sept | 2 | 29.500 |
| 20. / 21. / 22. sept | 2 | 29.500 |
| 26. / 27. / 28. sept | 2 | 29.500 |

Andakílsá

- silungur -

Stangafjöldi: 3 stangir og engin sérstök skipting svæðisins milli leyfishafa.

Veiðihús: Gott veiðihús og vel útbúið er við ána. Það stendur rétt ofan við þjóðveg í landi jarðarinnar Skeljabrekku.

Veiðisvæði: Veiðisvæðið nær frá brú við þjóðveg niður í ós og er nokkrir kílómetrar að lengd. Sjávarfalla gætir á öllu veiðisvæðinu. Þegar smástreymt er nær flóðið upp í efsta veiðistað en þegar stórstreymt er nær flóðröndin miklu ofar. Best er að veiða þegar hálfallið er út, um fjöruna og þangað til byrjar að falla að. Oft er gott að fylgja flóðröndinni. Aldrei hefur skilað neinum árangri að veiða á háflóði nema



þegar smástreymt er. Þá er hægt að dunda sér í efsta veiðistað og færa sig síðan neðar þegar fellur út. Malarbotn er á öllu svæðinu og breytir sér oft mikið á milli ára og því er erfitt að fullyrða nokkuð um hvaða staður eða staðir verða bestir næsta sumar. Á veturna rífur ísinn oft stórar grastorfur úr bökkunum og ef þær stoppa ofan í dýpstu stöðunum verða þar oft góðir legustaðir næsta eða næstu veiðiár. Allir helstu veiðistaðir eru vel merktir.

Aðkoma: Þegar veitt er í 3 – 4 efstu veiðistöðunum (ca 1 kílómetri) er best að geyma bílinn við brúna og rölta þaðan niður eftir. Þegar veitt er á neðri hluta svæðisins er ekið sem leið liggur niður að Hvanneyri en rétt áður en komið er að þorpinu er beygt til vinstri inn á afleggjara sem er merktur "Andakíll" og ekið eftir honum sem leið liggur niður að gömlu veiðihúsi. Það stendur 100 -150 metrum ofan við veiðistaðinn "Neðri klappir" en hann og næsta nágenni þar fyrir neðan er besti hluti neðra svæðisins.

Andakílsá

- silungur -

Aðstæður: Segja má að svæðið skiptist í tvo ólíka hluta. Á efri hluta svæðisins verður áin alltaf tær þegar fallið er út en á neðri partinum er hálfgerft happdrætti hvort það gerist. Á öllu svæðinu frá Borgarfjarðarbrú að ósi Andakílsár er mikill leir og kemur hann alltaf inn á aðfallinu en skolast síðan út á útfallinu. Ef áin er mjög vatnslítill í langan tíma hefur aðfallið betur í þessum leirflutningum og safnast þá mikill leir í farveginn og þá getur neðra svæðið orðið óveiðanlegt af gruggi.



Fiskur: Mest er af bleikju á svæðinu og betri matfiskur finnst ekki. Alltaf er von í að fá sjóbirting og einn og einn lax slæðist með.

Veiðivon: Vanir veiðimenn fara sjaldan fisklausir af svæðinu og eiga góða veiðivon en aðstæður á neðra svæðinu setja oft strik í reikninginn.

Agn: Veiða má á flugu, maðk og spún og er mjög misjafnt hvaða aðferð skilar bestum árangri.

Seldar eru 3 stangir á dag;
Helgardagar eru feitletraðir, möguleiki er að kaupa aðliggjandi daga á svfr.is !

ATH! Helgardagar eru 1.500 kr dýrari.

| Dagar | Verð á stöng á dag |
|--|--------------------|
| Apríl: 3; 7; 11 ; 15; 19 ; 23. og 27. | 2.500 |
| Maí: 1 ; 5; 9 ; 13; 17 ; 21; 25. og 29. | 3.000 |
| Júní: 2; 6 ; 10; 14 ; 18; 22; 26 og 30 | 3.500 |
| Júlí: 1; 4 ; 8; 9; 16; 17; 24. og 25 . | 4.500 |
| Ágúst: 1 ; 2 ; 9 . og 10. | 4.500 |
| Ágúst: 17; 18; 25. og 29 . | 3.500 |
| Sept: 2; 6 ; 10; 14; 18; 22. og 26 . | 2.500 |



Öll óseld veiðileyfi SVH fara á
www.leyfi.is að lokinni úthlutun og
sölu

Þessi síða er laus fyrir auglýsingar

Hægt er að fá hinn glæsilega sal félagsins leigðan.
Þeir sem áhuga hafa sendi póst á stjorn@svh.is

